



Erindisbréf kjaramálanefndar Samband Íslenskra sveitarfélaga

Hlutverk og skipan kjaramálanefndar

Kjaramálanefnd er ráðgefandi fyrir stjórn Sambandsins í vinnumarkaðsmálum, kjarasamningsgerð og við undirbúning kjarastefnu og samningsmarkmiða Sambandsins.

Stjórn Sambandsins skipar sjö fulltrúa í kjaramálanefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Skulu þeir annars vegar koma úr hópi kjörinna fulltrúa, þar af a.m.k. einn úr stjórn Sambandsins, og hins vegar úr hópi sérfræðinga sveitarfélaganna á sviði kjar- og mannauðsmála. Nefndin kys sér sjálf formann.

Helstu verkefni kjaramálanefndar

- Taka þátt í undirbúningi stefnumótunar Sambandsins á sviði kjar- og mannauðsmála.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning kjaraviðræðna.
- Vera til ráðgjafar um hvernig efla megi sveitarfélögin á hverjum tíma í vinnuveitendahlutverki sínu.
- Styrkja tengsl Sambandsins við sérfræðinga sveitarfélaganna í kjar- og mannauðsmálum.
- Gefa umsagnir um kjar- og mannauðsmál að beiðni Sambandsins.
- Koma að undirbúningi kjararannsóknna.
- Vekja athygli á þróun og breytingum á vinnumarkaðsmálum, innanlands og erlendis, sem nefndir telur þörf á að Sambandið vinni að eða miðli upplýsingum um.
- Vekja athygli á málefnum í rekstri og mannauðsmálum sveitarfélaga sem þurfa skoðunar við á vettvangi Sambandsins.

Boðun funda og fundargerðir

Fundir nefndarinnar eru haldnir eftir þörfum. Formaður samninganefndar boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara í samvinnu við formann nefndarinnar. Formaður stjórnar fundum nefndarinnar en formaður samninganefndar gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn. Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn Sambandsins til kynningar og birtar á heimasíðu Sambandsins.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin þóknun fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur Sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta er samþykkt af stjórn
Sambands Íslenskra sveitarfélaga
13. desember 2024

Skjal sótt af '999999999999' dags: 12.02 2025